



Ljósmyndir tók Hjörtur Leví Pétursson.

Árbakkinn sólstöðuhátíð haldin í annað sinn

Tónleikarnir Árbakkinn sólstöðuhátíð fóru fram á fjölskyldu- og útivistarsvæðinu í Nesi á Hellu þann 17. júní við góðar undirtektir gesta. Hátíðin var nú haldin í annað sinn og hefur þegar skapað sér sess sem skemmtilegur viðburður í menningarlífi sveitarfélagsins.

Árbakkinn er tónlistarhátíð sem sett var á lagginnar til að fagna sumarsólstöðum. Í ár var ákveðið að færa hátíðina fram á þjóðhátíðardaginn 17. júní og sameina þannig hátíðahöld vegna lýðveldisdagsins og sumarsólstaða í einum viðburði.

Fram komu tónlistarmenn búsettir í Rangárvallasýslu sem fluttu fjölbreytta dagskrá þar sem þekkt lög og frumsamið efni fóru saman. Meðal þeirra sem stigu á svið voru Hófi Samúels og Rakel Páls, Vigdís Lilja, Svala Norðdahl, Bjarki Eiríksson, Valborg Ólafs, Björn Leó og Kristinn Ingi.

Tónleikarnir fóru fram á sama stað og í fyrra, á útivistar- og fjölskyldusvæðinu í Nesi við ærslabelginn og aparóluna. Aðgangur var ókeypis og nýttu fjölmargar fjölskyldur tækifærið til að njóta tónlistar, samveru og

islensks sumars í fallegu umhverfi.

Bjarki Eiríksson hafði veg og vanda af skipulagningu hátíðarinnar og tókst vel til. Viðburðurinn gekk afar vel og skapaði góða stemningu meðal gesta á þessum hátíðisdegi.

Rangárþing ytra þakkar Bjarka og öllu því tónlistarfólki sem kom fram fyrir framlag sitt til hátíðarinnar, sem og öllum þeim sem lögðu leið sína í Nes og tóku þátt í að gera daginn eftirminnilegan.



Nýja útibúð við Hrísmýri 2a á Selfossi.

Carglass opnar útibú á Selfossi

Carglass hefur opnað nýtt útibú við Hrísmýri 2a á Selfossi og eykur þar með þjónustu sína við ökumenn á Suðurlandi.

Carglass sérhæfir sig í viðgerðum og skiptum á bílrúðum. Fyrirtækið leggur áherslu á að gera við stjórnur og sprungur í framrúðu frekar en að skipta um alla rúðuna, sem er ódýrari og hraðari lausn.

Carglass hóf starfsemi á Íslandi fyrir á árinu. Kjartan Þór Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Carglass á Íslandi, segir opnunina á Selfossi marka mikilvægt skref í uppbyggingu fyrirtækisins hér á landi.

„Með útibúinu á Selfossi er Carglass komið með þjónusta aðila á Suðurlandi, sem þýðir að íbúar svæðisins hafa nú greiðan aðgang að fagmannlegri þjónustu fyrir viðgerð eða skipti á bílrúðu,“ segir Kjartan.

Þjónustan sem íbúar á Suðurlandi fá nú aðgang að

er meðal annars viðgerð á stjórnur í framrúðu sem tekur aðeins 30 mínútur og er þeim að kostnaðarlausu í gegnum tryggingarfélög. Að auki býður Carglass upp á rúðuskripti og kvörðun á myndavélum fyrir bíla með nýjustu tækni og öryggisbúnaði. Carglass þjónustar allar tegundir og árgerðir bifreiða.

„Þar sem hægt er að bóka tíma á netinu og sækja bílinn samdægurs er þetta þægilegur og skilvirkur valkostur fyrir íbúa á Suðurlandi,“ segir Kjartan.

Kjartan segir viðtökurnar við nýju útibúi hafa verið mjög jákvæðar og að eftirspurn hafi verið góð og meiri en búist var við. Hann segir viðskiptavinum hafa verið virkilega ánægðar með þjónustuna. „Við stefnum á að opna fleiri útibú í náinni framtíð til að vera sem næst viðskiptavinum okkar og veita bestu mögulegu þjónustu.“



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

TR PÍPULAGNIR SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

TR

Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.tr.is



ADALSKODUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki gleyma ferðafélaganum



Náttúruleg

Útihúsgögn.is

Úti allt árið

ALVÖRU TRÉHÚSGÖGN
HANDSMÍÐUÐ GÆÐAVARA

Borðbekkir

Garðbekkir

Borðsett 4-12 manna

Hringborð

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Fyrirtæki og hótél

info@utihusgogn.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ



Ljóð vikunnar



EINMANA VINDUR

Hvaða einmana vindur, lævis og framandi,
hvín æðislega þessa stuttu nótt?
Hvers vegna kemur hann vægðarlaus á fleygiferð
og ræðst grimmilega á visið lauf hjartans?

Og geislandi milt, fullt tunglið
dreifir gulli sínu endanna á milli á himninum –
hvers vegna sendir það ekki bara smábirtu
til allra sálna sem eru einar á ferli í nótt?

Og nóttin kom skuggaleg á gluggana,
hvers vegna hylur hún sálirnar dauðaþögn
og sendir fleytifullan bikar af eitri
í staðinn fyrir fágæt og helg verkjasmýrs!

Ó, einmana vindur, ó, fleytifulli máni,
og þú, eldforna Nótt, dóttir Kaos,
komdu – sefaðu einmana sálir,
gefðu þeim að gleyma, og ofurlitla von.

Panagiota P. Lambri, Grikklandi

Málverk eftir Tyoma

Moskvít sendir frá sér nýtt lag - Kalt og grúví rokk innblásið af pabba-gulli

Hljómsveitin Moskvít hefur gefið frá sér nýja smáskífu sem ber heitið „Reyna“. Lagið er kraftmikið rokkbanger sem rúllar af stað á feitu og grúví bassa-riffi. Þó að textinn hljómi við fyrstu hlustun sem dramatísk lýsing á algjörrri órvæntingu og kulda, leynist þar bitur og kaldhæðin ádeila á fólk sem festist í eigin volæði og gerir sig að fórnarlambi.

Hugmyndin að laginu á sér hins vegar bráðskemmtilega og raunverulega bakgrunnssögu. Hún kviknaði þegar Sjonni Arndal, söngvari og bassaleikari sveitarinnar, var að viðra svekelsi sitt við föður sinn yfir því að hljómsveitin væri ekki að fá nóg spilun í útvarpinu þrátt fyrir að vera „alltaf að reyna“. „Svarið frá pabba var stutt, lagott og beint til baka: „Nei, þú hefur ekkert verið að reyna neitt af viti,“ segir Sjonni og hlær. „Úr varð þetta lag um fólk sem afsakar stöðnun sína með því að segjast vera að reyna, án þess að gera neitt í raun og veru. Við vonum bara innilega að pabba fari að skjátlást með þessari útgáfu.“ Tryggir sínu fólk í bak og fyrir.

Moskvít leggur ríka áherslu á tryggð við samstarfsfólk sitt þegar kemur að hljóðversvinnu. Lagið var tekið upp af Kjartani í Dynur stúdíó í Hveragerði og hljómjafnað (masterað) af Sigurdóri hjá Skonrokk Mastering.

Sveitin segist gríðarlega lán-söm að vinna með sínum föstu mönnum, sem tryggir að sándið sé alltaf nákvæmlega eins þétt og þeir vilja hafa það.

Tímamót í gítardeildinni

Lagið „Reyna“ markar ákveðin tímamót og lokar ákveðnum kafla hjá sveitinni. Á gítar í laginu spilar Haraldur Helgi Agnarsson, sem starfaði með Moskvít í tæpt ár. Á þeim tíma hljóðritaði hann þrjú lög með strákunum; „Þú átt eitthvað bág“, smáskífuna „Reyna“ og eitt lag til viðbótar sem væntanlegt er á næstunni. Moskvít færir Haraldí gríðarlegar þakkir fyrir gítarriffin og frábæran tíma, á sama tíma og þeir bjóða nýjan mann, Aron Karl, velkominn í hópin á gítar.

Slegið upp Jónsmessuffjóri á Eyrarbakka

Samhliða útgáfunni ætlar Moskvít að fagna nýja laginu með kraftmiklum tónleikum í Rauða húsinu á Eyrarbakka þann 27. júní næstkomandi. Tónleikarnir hefjast strax eftir hina klassísku Jónsmessubrennu á staðnum. Þetta verður sannkölluð stór-stund fyrir hljómsveitina þar sem nýi gítarleikarinn, Aron Karl, stígur á svið með sveitinni í allra fyrsta sinn. Moskvít hefur áður vakið athygli fyrir plötunarnar Human Error og Superior Design. Sveitina skipa þeir Sjonni Arndal (söngur og bassi), Alexander Örn (trommur), Jón Aron (píanó og synthar), Guðmundur Helgi (gítar) og Aron Karl (gítar). Lagið verður aðgengilegt á öllum helstu streymisveitum 26. júní.



Bátar og býli - Sýning í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka

Sýningin Bátar og býli var Opnuð í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka á föstudaginn var.

Á sýningunni eru fagurlega smíðuð líkön af bátum og skipum ásamt áhugaverðum líkönnum af byggingum úr Árnessýslu. Þar má sjá þrjú skipslíkön eftir hinn þekkt skipasmíð Stein Guðmundsson í Steinsbæ á Eyrarbakka, líkan af bátum Von frá Þorlákshöfn eftir Vilhjálm Hinrik Ívarsson og fleiri báta eftir minna þekkt hag-leiksmenn.

Fjölbreytt húsalíkon eru á sýningunni eins og stórt líkan af Stöng í Þjórsárdal smíðað af listamanninum Magnúsi Pálsyni, smábert líkan af Áslækjarrjómabúi í Hrunamannahreppi eftir Ingimund Einarsson og ein-



Meðfylgjandi ljósmynd er af Guðjóni Steingrímssyni frá Nýhöfn á Eyrarbakka með veglegan leikfangabát sér við hlið. Ljósmyndina tók Sighór Guðjónsson frá Hólmsbæ á Eyrarbakka.

stak líkan af Birtingaholti gert af Sigurfinni Sigurðssyni löngu eftir að sjálfur bærinn brann árið 1951.

Sýningin er lítil glufa inn í heim módelsmíða þar sem handverk hagleiksfólks og fagmanna

kemur saman og birtir okkur smækkaða mynd af manngerðri veröld.


Safnið er opið alla daga í sumar. Aðgangseyrir í safnið er ársmiði.





Framleiðum allar helstu gerðir af
öskjum, bókum, límmiðum
og almennu prentverki.

Núna bjóðum við einnig upp á
bylgjukassa, bréfpoka og
margar aðrar umbúðalausnir.



Umhverfisvænn
kostur fyrir þig!



Umbúðir



Almenn prentun



Límmiðar



Bækur



Stimplar



Bréfpokar

Reykjavík 5 600 600
Selfoss 4 821 944
Akureyri 4 600 700

sala@prentmetoddi.is
selfoss@prentmetoddi.is
akureyri@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is



VERSLUNARSTJÓRI

Við leitum að leiðtoga til að leiða okkar frábæra hóp sem vinnur í verslun okkar á Selfossi.

Ef þú býrð yfir miklum leiðtogahæfileikum ert framsækinn, sinnir hlutum af fagmennsku og hefur gleðina í fyrirrúmi, þá erum við að leita að þér.

Starf verslunarstjóra er ábyrgðarmikið, skemmtilegt og fjölbreytt.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vera sýnilegur leiðtogi og leiða daglega starfsemi verslunar
- Ábyrgð á rekstri og mannauði verslunar
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Ábyrgð á vöruframsetningu og áfyllingu
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun

Við leitum að einstaklingi með

- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Ríka þjónustulund
- Mjög góða samskiptahæfni
- Menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

BYKO hefur sett sér þá framtíðarsýn að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavinar í framkvæmdum og fegrun heimilisins. Í þeirri vinnu höfum við gildin okkar að leiðarljósi; fagmennska, framsækni og gleði.



Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá á íslensku og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

UMSÓKNARFRESTUR: 30.06.2026

SÓTT ER UM Á **MOGNUM.IS**

Nánari upplýsingar veita:

Sigríður Ólafsdóttir | sigga@mognum.is
Telma Eiðsdóttir | telma@mognum.is



M Ö G N U M



Kjartan Björnsson formaður stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga og Stefán Haukur nýr skólastjóri skrifuðu undir ráðningarsamninginn 22. júní sl. Mynd: Aðsend.



Pamela De Sensi nýr aðstoðarskólastjóri. Mynd: Aðsend.

Nýir skólastjórnendur Tónlistarskóla Árneseinga

Nýir skólastjórnendur hafa verið ráðnir að Tónlistarskóla Árneseinga frá 1. ágúst 2026. Það eru þau Stefán Haukur Gyfason skólastjóri og Pamela De Sensi aðstoðarskólastjóri.

Stefán Haukur er með B.M. gráðu í klassískum gítarleik og meistarafráðu í listkennslu frá

Listaháskóla Íslands auk diplóma í stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands.

Pamela er með meistarafráðu í þverflautuleik frá Listaháskólanum í Flórens og Listaháskólanum í Campobasso og meistarafráðu í kammertónlist frá Listaháskólanum í Róm.

Bæði eru þau með mikla og

viðtæka reynslu af kennslu og stjórnun.

Tónlistarskóli Árneseinga óskar nýjum skólastjórnendum innilega velfarnaðar í nýjum störfum og hlökkum til að sjá þá fersku vinda sem þau blása í segl tónlistarskólans.

Síðbúin Jónsmessuganga upp á Ingólfsfjall

Laugardaginn 27. júní 2026 kl. 14:00-19:00 verður síðbúin Jónsmessuganga frá Alviðru upp á Ingólfsfjall. Farið verður að Inghól og norður eftir fjallinu, niður að Torfastöðum og til suðurs meðfram fjallshlíðinni að Alviðrubænum.

Ingólfsfjall er 551 m hátt virðulegt móbergsháttur í Ölfusi. Fjallið er bratt á þrjú vegu, í vestur, austur og suður en afliðandi til norðurs að bænum Litla-Hálsi og að Torfastöðu, sem er nokkuð brattari niðurléið. Fjallið er „bæjarfjall“ Sel-fyssinga og þangað sækja þeir neysluvatn sitt.

Ingólfsfjall er nefnt eftir Ingólfi Arnarsyni sem talinn er hafa verið fyrstur til að nema varanlega land á Íslandi. Hafði hann í vetursetu undir Ingólfsfjalli á leið til Reykjavíkur, að því er segir í Landnámu, og flutti frá Reykjavík gamall maður aftur að fjallinu og lauk þar ævi-dögum sínum, og var færður til hinstu hvílu á fjallinu sem við hann er kennt.

Gengið verður frá bænum Alviðru eftir merktri gönguleið um gönguskarð ofan við bæinn og upp að Inghól, þar sem Ingólfrur landsnámsmaður var heygður. Þaðan er afar víðsýnt á góðum



Gönguhópur sem er að koma upp á fjallsbrún við gönguskarðið fyrir ofan Alviðru.

degi. Gangan upp er brött og nokkuð erfið en gönguleiðin á fjallinu er auðveld. Frá Inghól verður gengið norður eftir Ingólfsfjalli og komið niður á mótis við Torfastaði. Það er nokkuð brött leið og því gott að hafa göngustaf með til að styðjast við. Þegar niður er komið er gengið til suðurs meðfram fjallinu að Alviðrubænum. Ætla má að gangan taki 4 til 6 klukkustundir.

Munið göngustaf, haldgöða skó, hlífðarföt og nesti. Leiðsögumaður er Tryggvi Felixson sem oft hefur gengið á fjallið. Boðið verður upp á kakó og kleinur í gamla bænum að aflokinni göngu.

Þeim sem ekki treysta sér á fjallið er bent á ákaflega áhuga-verða, fallega, vel merkt og auðfarna gönguleið um Öndverðarnes II meðfram Soginu og Hvítá. Leiðbeiningar um þessa gönguleið verða veittar í Alviðru áður en gangan á fjallið hefst.

Alviðra er friðland og fræðslumiðstöð Landverndar staðsett undir Ingólfsfjalli við vegamóta Biskipustungubrautar og Grafningsvegur, um 10 km norður af Selfossi, á mótis við Þrastarlund.

Í sumar stendur Alviðra fyrir mörgum skemmtilegum og fræðandi viðburðum. Dagskrá sumarsins má sjá á landvernd.is.



Rabbabarapæ með ís

Matgæðingur vikunnar er Bjarki Freyr Sigurjónsson.



Mér barst sú áskorun frá Olgu að verða matgæðingur vikunnar hjá Dagskránni og skorast ég að sjálfsögðu ekki undan því.

Rabbabarapæ

Núna þegar rabbabarin sprettur upp í gördum landsmanna þá er gott að vita til þess að hægt sé að nýta þessa frábæru jurttílu en bara sultu og því er það alveg ómótstæðilegt eftir að hafa borðað á sig gat af grillkjötinu frá SS og kartöflusalatinu úr Þykkvabænum að láta aðeins sjatna í magnaum og skella svo í glæstan eftirrétt.

Byrjið á að hita ofninn í 150°C undir yfir.

Blandið öllum þurrrefnum í skál.

Bræðið smjórið í potti með rjómanum og sírópinu og blandið svo saman við þurrrefnin.

Hreinsið og skerið rabbabarann í 2 cm breiða bita. Setjið þá í smurt eldfast mót. Breiðið svo deigið jafnt yfir rabbabarann. Látið inn í ofn og bakið í 40-50 mín. Þar til deigið er fallega gullið. Toppurinn á „ísjakanum“ er svo að sjálfsögðu að bera þæið fram með ís frá Valdísi á Hvolsvelli!

- 2 dl haframjöl
- 2 dl sykur
- 1 3/4 dl hveiti
- 1/2 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. vanillusykur
- 1 stk. hnífisoddur af salti
- 125 g smjör
- 1/2 dl rjómi
- 1/2 dl ljóst síróp
- 500 g rabbabari

Verði ykkur að góðu. Ég skora svo á kollega minn í faginu, Björgvin Bjarnason, um að græja fyrir okkur einhverjar ljúffengar kræsingar fyrir næsta tölublað.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Fyrsta fimmtudagskvöld sumarsins á Þingvöllum

Í kvöld, fimmtudag klukkan 12, fer fram fyrsta fimmtudagskvöld sumarsins á Þingvöllum þar sem boðið verður upp á glæsilega dagskrá undir yfirskriftinni „Þingvallahátíð! Jón Sigurðsson forseti og frelsisheita“.

Kvöldið verður leitt af Guðna Ágústssyni, fyrrverandi alþingismanni og ráðherra, sem jafnframt setur hátíðina og flytur lokaorð að dagskrá lokinni.

Jón Sigurðsson fær góð eft-

irmæli á fjórlegri dagskrá þar sem saman koma tónlist, ljóðalestur og ávörp þekktra gesta. Karlafor Selfoss kemur fram og flytur söngatriði, Svandís Dóra Einarsdóttir flytur ljóð og Lilja Dögg Alfreðsdóttir minnist Jóns Sigurðssonar forseta.

Þá mun Gunnlaugur Bjarnason óperusöngvari flytja ljóð Hjálmar Jónssonar, *Land og þjóð*, áður en Karlafor Selfoss stígur aftur á svið. Að dagskrá lokinni flytur Guðni Ágústsson lokaorð.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi

ISSN 1670-407X

Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Stendur einn sig ekki vel, aftur leitar kinda. Stæli eitthvað annað tel, afritsprentun mynda.



Svar við gátu í blaði 2857: KERTI

1. Merikerti - 2. Rafkerti - 3. Ilmkerti

4. Mælieining á styrk rafljóss, sbr. 25 kerta pera

Litrikt og gefandi Erasmus+ ár í Víkurskóla

Afstaðið skólaár hefur verið litrikt og annasamt innan Erasmus+ verkefnis Víkurskóla. Strax í september fengum við heimsókn frá vinaskóla okkar í Þýskalandi þegar hópur nemenda úr Mittelschule Würth kom og dvaldi í viku hjá okkur. Þar sem árið 2025 var evrópuár um stafræna borgaravítund í menntun þótti okkur við hæfi að vinna sameiginlega að verkefnum tengdum því. Við höldum vinnustofu með nemendum beggja skóla þar sem unnið var með verkefni og umræður tengdar netheilbrigði. Nemendur ræddu meðal annars netvenjur, hvaða aðferðir eru notaðar til þess að lengja viðveru okkar á samfélagsmiðlum, netöryggi og fleira. Sem lokaafurð sömdu nemendur lítinn bækling handa foreldrum um neteinelti og hvernig á að bregðast við ef maður verður þess var. Fyrir utan þessa vinnu unnu nemendur sjálfsþekkingarverkefni í tengslum við uppeldi til ábyrgðar, auk þess sem þeir fóru í fjallagöngu, renndu sér í sviflinu (zipline) og fóru á sýninguna Lava Show.

Á vorönninni var svo komið að okkur að heimsækja þá í Þýskalandi. Mittelschule Würth er í bænum Würth an der Donau í Bæjarlandi, skammt frá Regensburg og München. Þar fengum við að hitta bæjarstjórnann sem fór yfir með okkur helstu áskoranir sem bærinn glímir við þegar kemur að sjálfbærni hvað varðar orku- og umhverfismál. Í skólanum fengum við fræðslu um ágengar dýrategundir, hvaða áhrif þær hafa á dýralífið á svæðinu og hvernig unnið er að því að vernda tegundir í útrýmingar-

hættu. Í framhaldinu heimsóttum við dýragarð í bænum Straubing þar sem við gátum séð margar af umræddum tegundum. Annað sem við gerðum í ferðinni var að fara í bæjarferð til Regensburg, heimsækja BMW-safnið og Deutsches Museum í München, auk þess sem við skoðuðum gamla bæinn í München. Þar fóru nemendur í skemmtilegt „sjálfsmyndaralý“ þar sem þeir áttu að finna ákveðnar byggingar og staði og taka hópmynd af sér þar. Síðasta daginn í skólanum tókum við þátt í alþjóðlegum menningardegi þar sem nemendur af öllum þjóðernum í skólanum mættu í dæmigerðum klæðnaði fyrir sitt land og buðu upp á matarsmakk. Við Íslendingarnir mættum að sjálfsögðu í lopapeysum (í 23°C hita!) og buðum upp á flatkökur með hangikjöti, harðfisk með smjöri og sykraðar pönnukökur. Að auki útbjuggu íslensku nemendurnir kynningarstand þar sem þeir kynntu Ísland og helstu sérkenni landsins.

Það hefur svo sannarlega verið fróðlegt og gefandi ár hjá okkur. Við höfum eignast góða vini, fengið nýjar hugmyndir og innblástur, og myndað tengsl sem efla okkur í okkar faglega starfi.

Nú þegar er hafinn undirbúningur fyrir Erasmus+ verkefni skólans á næsta skólaári og stefnir það í að verða jafn viðburðaríkt og þetta árið. Þá mun áhersla Víkurskóla vera á heilsu og vellíðan og stefnum við á að vinna að verkefnum tengdum því í skólaheimsóknum okkar.

Sabina Victoria Reinholdsdóttir, kennari við Víkurskóla



HSK Selfoss Íslandsmeistarar 15-22 ára

Meistaramót Íslands í Frjáls- um íþróttum 15-22 ára fór fram á Akureyri um helgina.

Lið HSK Selfoss urðu Íslandsmeistarar með því að sigra heildarstigakeppnina en liðið

fékk 468 stig. Jafnframt urðu 3 aldursflokkar Íslandsmeistarar eða KK 18-19 ára, KVK 18-19 ára & KVK 16-17 ára.

Nánari úrslit einstakra keppenda má finna á UMFS.is.



Sigurlið HSK Selfoss ásamt þjálfurum. Mynd: UMFS.

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Hafnar- og athafnasvæði við Suðurvararbyggju nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið umhverfis Suðurvararbyggju. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir athafnasvæðinu AT8 og hafnarsvæði H3. Þar er einnig gert ráð fyrir að útsýnispallur við Suðurvör verði færður sunnar, nær Þorlákshafnarvíta og að útbúið verði bílastæði og upphækkaður útsýnispallur þar.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. maí 2026.

Hjarðarból - deiliskipulagsbreyting - stækkun skipulagssvæðis

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi Hjarðarbóls lóðir 1 og 2. Skipulagsbreytingin felur í sér stækkun skipulagssvæðisins til vesturs og afmörkun 6 nýrra íbúðalóða.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. maí 2026.

Lindarbær - nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir spilduna Lindarbær í Árbæjarhverfi. Spildan er 7409 m² og er ráðgert að reisa íbúðarhús, bílskúr og gróðurhús.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. maí 2026.

Hraunkvíar á Grímslækjarheiði - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulag Hraunkvíar á Grímslækjarheiði er endur- auglýst þar sem meira en 12 mánuðir eru liðnir frá lokum auglýsingarfrests og skipulagið ekki verið birt í B-deild. Skipulagssvæðið ser samtals um 9,2 ha. að stærð og felur í sér afmörkun 14 íbúðalóða á reit ÍB17 skv. aðalskipulagi Ölfus.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. maí 2026.

Framkvæmdaleyfi - Efnistaka í Núpanámu

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku í Núpanámu í landi vatna. Framkvæmdaleyfið tekur til efnistöku sem nemur 12.000 m³ á næstu 2-3

árum. Efníð verður nýtt sem leiðnissandur vegna lagn- ingar Þorlákshafnarlínu 2 sem fyrirhugað er að hefja í sumar. Núpanáma er á efnistökusvæði E10 á aðalskipu- lagi og er náman deiliskipulögð.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 28. maí 2026.

Framkvæmdaleyfi - Gatnagerð Hraunkvíar

Landeigandi Hraunkvíar sækir um framkvæmdaleyfi til að ráðast í gatnagerð á landinu. Deiliskipulag fyrir hverfið var langt komið í skipulagsferlinu en það þurfti að endurauglýsa það þar sem það rann út á tíma. Land- eigandi hefur hug á að nýta sumarið 2026 í gatnagerð. Gatnagerð verður gerð í samræmi við tæknilyngu sveitarfélagsins fyrir íbúabyggð í dreifbýli.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 28. maí 2026.

Framkvæmdaleyfi - Vinnsluborhola við Skarðs- mýrarfjall

ON sækir um framkvæmdaleyfi til borunar vinnslubor- holu við Skarðsmýrarfjall, inni á skilgreindu iðnaðar- svæði í aðalskipulagi.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 28. maí 2026.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgátt- inni á www.skiplagsgatt.is til og með 6.8.2026. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn
- Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær við- komandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Gögn vegna framkvæmdaleyfa eru jafnframt að- gengileg í skipulagsgátt og má finna leiðbeiningar um kærur og upplýsingar um kærufresti hér að neðan.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skiplag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deili- skipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Um meðferð kærúamála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úr- skurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnisýslulaga nr. 37/1993, einkum um kærueim- ild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga.

Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegn- um kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smáramir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Arnessyslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kroskus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

Endurvakning sveitaballanna – Greifarnir á Borg í Grímsnesi

Næstkomandi föstudag, 26. júní, heimsækja Greifarnir félagsheimilið á Borg í Grímsnesi með „Síðasta sveitaballið“.

Hljómsveitin hefur verið að fagna 40 ára afmæli en í 40 ár hafa Greifarnir verið stór hluti af íslenski tónlistarsögu.

„Síðasta sveitaballið“ er sérstök tónleikaferð þar sem Greifarnir heimsækja valda staði víða um land og kveikja aftur í stemningunni sem margir vilja meina að sé horfin, en hún er það alls ekki.

Hugmyndin að Síðasta sveitaballinu

Kristján Viðar Haraldsson,

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

lögildur húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com



RAFVÉLATEKNI

LÖGILTUR RAFVIRKJAKTÍ

Vantar þig rafvirkja?

Ahlíða rafverktaka
Sérfræðipækning í stjórkerfum,
mótorstýringum og vélategndum lausnum

HAFDU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is

söngvari Greifanna, segir hugmyndina hafa kviknað þegar hljómsveitin fór að velta fyrir sér hvað væri mest í anda Greifanna á 40 ára afmælinu. Fljótlega fóru sveitaböllin og félagsheimilin að koma upp í umræðunni því þar liggur stór hluti af sögu sveitarinnar.

Þá segir Kristján, eða Viddi eins og hann er oftast kallaður, hugmyndina um „Síðasta sveitaballið“ hafa fæðst – að leggja af stað í ferðalag um landið og heimsækja aftur nokkur af þeim húsum sem gegndu svo stóru hlutverki í íslensku tónlistarlífi.

„Við hefðum auðvitað getað haldið einn eða tvo stóra afmælistónleika, en okkur fannst þessi leið persónulegri og meira í anda sveitarinnar,“ segir Viddi. Greifarnir urðu til á sveitaballahringnum og stór hluti af þeirra ferli byggðist á því að ferðast á milli félagsheimila og spila fyrir fólk um allt land. „Okkur fannst því eðlilegt að halda upp á afmælið með því að fara aftur út á vegina og hitta fólkíð sem hefur fylgt okkur í gegnum árin.“

Viðtökurnar

Viddi segir viðtökurnar sem þeir hafa fengið það sem af er túnum hafa verið einstaklega góðar.

„Fólk hefur tekið okkur opnum örmum og það sem hefur komið mest á óvart er hversu sterkt nostalgían lifir. Það eru margir sem segja okkur að þeir hafi ekki komið á sveitaball í mörg ár, en þegar þeir mæta finnst þeim þeir verða ungrir

LEIGA

Íbúð óskast

Óska eftir íbúðarhúsnæði á Suðurlandi í langtíma leigu helst 3ja herbergja, allt kemur greina, má vera útihús sem fylgir með sem væri hægt nota undir matvælaframleiðslu.

Hámarks leiga á mánuði 300.000 þús með rafmagn og hita. Upplýsingar í tölvupóst kiddybriem@simnet.is og í síma 7921555

Kær kveðja Emil Kristinn Briem.

KIRKJUR

Aðventistar

Guðsþjónusta laugardaginn 27. júní kl. 10:00. Jóel Matchett leiðir bíbliurannsókn og predikar. Barna- og unglingsstarf á sama tíma. Safnaðarheimili Sjöundadags Aðventista Eyravegi 67 á Selfossi. Allir hjartanlega velkomnir

Skálholtsdómkirkja

Messa 28. júní kl. 11 þar sem við heidrum Jónsmessuna. Allir sem heita Jón, Jóhann, Jóhannes, Jóhanna, Jóna, Jónasína og Jóney eru sérstaklega velkomin og fá glaðning. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur og Jón Bjarnason dórmorganisti þjóna og tóna.



á ný í eitt kvöld,“ segir hann. „Margir tala um að þeir finni aftur sömu tilfinninguna og þeir upplifðu fyrir tuttugu, þrjátíu eða jafnvel fjórutíu árum þegar þeir mættu á sín fyrstu böll. Það er ótrúlega gaman að heyra slíkar sögur.“

Finnst ykkur yngri kynslóðir hafa misst af með því að upplifa ekki þessa „sveitaballameningu“?

„Kannski að einhverju leyti. Samfélagið hefur breyst mikið og fólk hefur fleiri leiðir til afþreyingar í dag. En ég held að þörfin fyrir að hittast, syngja saman og skemmta sér hafi ekkert breyst. Þess vegna finnst mér gaman að sjá að yngra fólk hefur líka verið að mæta og upplifa þessa stemningu með okkur.“

Tónlistin hluti af sögu fólksins

Þegar Viddi er spurður út í eftirminnilegustu sveitaböllin segir hann nánast ómögulegt að velja eitt kvöld fram yfir annað. Hann segir sveitaballaárin hafa verið ævintýraleg og efni í heila bók.

„Það sem mér finnst skemmtilegast þegar ég horfi til baka er hvað margir hafa kynnst á sveitaböllunum. Í gegnum árin höfum við oft hitt fólk sem segir okkur að það hafi kynnst makanum sínum á balli með Greifunum. Sumir hafa meira að segja sagt okkur að fyrsti kossinn hafi verið í laginu Sumarnótt eða Frostrós.“

„Við höfum síðan fengið að spila í brúðkaupum hjá fólki sem kynntist á sveitaballi hjá okkur mörgum árum áður. Það er eiginlega stærri heiður en flest annað sem maður upplifir í þessu starfi. Þá áttar maður sig á því að tón-

listin varð hluti af sögu fólks og lífi þess,“ segir Viddi.

Hvaða lag kveikir sterkustu viðbrögðin hjá gestum enn í dag? „Það er erfitt að nefna bara eitt lag en Útihátíð, Frystikistulagið, Viskubrunnur, Sumarnótt, Þyrnirós, Hraðlestin og Skiptir engu máli vekja alltaf sterk viðbrögð og fjöldasöng.“

Að lokum

Viddi segir að lokum að það sem standi sérstaklega upp úr og það sem hann er hvað þakklátastur fyrir á þessum 40 árum sé að þeir séu enn saman eftir öll þessi ár.

Er þetta raunverulega síðasta sveitaballið? „Þetta er spurning sem við fáum mjög oft. „Síðasta sveitaballið“ er fyrst og fremst nafn á ferðalaginu og vísun í ákveðinn tíma og ákveðna menningu sem margir sakna. En hvort þetta verði raunverulega síðasta sveitaballið? Það er ómögulegt að segja. Við verðum jú ekki fertugir aftur og enginn veit nákvæmlega hvað framtíðin ber í skauti sér. Þess vegna höfum við líka verið að segja við fólk að ef það langar að upplifa þessa stemningu aftur þá sé betra að bíða ekki of lengi. Það er alltaf hættulegt að ætla sér að mæta næst. Stundum er næst bara ekki til. Þannig að við hvetjum fólk einfaldlega til að mæta, syngja með, dansa og eiga góða kvöldstund með okkur á meðan tækifærið er til staðar.“

Hægt er að tryggja miða á „Síðasta sveitaballið“ á tix.is. Síðasta sveitaballið verður jafnframt haldið í Aratungu í Reykholti 15. ágúst næstkomandi.





AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- 1. Kertún L240053; Úr landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2605050**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2026, að kynna tillögu skipulagslýsingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að Kertúni L240053 er breytt úr landbúnaðarsvæði, flokkur 2, í verslunar- og þjónustusvæði.
- 2. Syðri-Brú L168277; Úr frístundasvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2603066.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2026, að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Breytingin felst í afmörkun þriggja svæða fyrir verslun og þjónustu, tveggja svæða í landi Syðri-Brúar og eins í landi Hæðarenda. Allir reitirnir eru í nágrenni frístundabyggða, en landeigendur hafa í huga að byggja þar þyrpingar gistiskála til útleigu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlana:

- 3. Ásgarður; Landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2403091**
Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2026, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 er varðar skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæði í landi Ásgarðs L233421, L233422, L233423, L233424, L233425, L233426, L233427 og L168229. Tilfærni breytingarinnar eru áform landeiganda um uppbyggingu ferðaþjónustu á staðnum. Annars vegar er um að ræða hótél með veitingastað og hins vegar frístundahús til útleigu. Deiliskipulagsbreyting er lögð fram samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari. Umsagnir og athugasemdir bárust við kynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

- 4. Ásgarður; Herjólfsstígur 2-12 og Óðinsstígur 1; Verslunar- og þjónustusvæði; Nýtt deiliskipulag og óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundsvæðis - 2403093**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Ásgarð, Herjólfsstíg 2-12 og Óðinsstíg 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skipulagið tekur til uppbyggingar á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi í landi Ásgarðs, L233421, L233422, L233423, L233424, L233425, L233426, L233427 og L168229, auk óverulegrar breytingar á núverandi deiliskipulagi frístundabyggðar í Ásgarði. Breytingin er í samræmi við aðalskipulagsbreytingu sem lögð er fram samhliða deiliskipulagsbreytingu þessari og nær til lóða 2-12 við Herjólfsstíg, lóðar Óðinsstígs 1 og þjónustulóðar við Búrfellsveg. Í breytingunni felst að skilmálar fyrir lóðir Herjólfsstígs 2-8 breytast að því leyti að þær er gert ráð fyrir frístundahúsum til útleigu. Herjólfsstígur 10 - 12, lóð við Óðinsstíg 1 og þjónustulóð við Búrfellsveg sameinast í verslunar- og þjónustulóð þar sem leyfilegt verður að reisa hótél/gistiheimili ásamt veitingastað og tilheyrandi þjónustumannvirkjum. Vegna umsagnar Minjaverndar þá er fornleifaskráningu lokið og skýrsla liggur fyrir og verið send Minjavernd. Þá hefur verið brugðist við eftirfarandi athugasemdum: Fært inn eina fornleif sem fannst og skilgreint verndarsvæði. Vegna athugasemda Vegagerðar er horfið frá aðkomu frá Búrfellsvegi og hún færð til austurs að Óðinsstíg. Vegna athugasemda Heilbrigðiseftirlits er fjallað ýtarlegar um fráveitu og hreinsivirki, ásamt ákvæði um hljóðvist. Vegna athugasemda um vatnsveitu þá lá fyrir í greinargerð áætlun um að tengjast Búrfellsveitu. Umsagnir og athugasemdir bárust við kynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

- 5. Reykjalandur L168273; Skilgreining svæðis; Deiliskipulag - 2601048**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Reykjalandur L168273 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Á jörðinni er rekin garðyrkjustöð og stendur til að stækka starfsemina og auka framleiðslu. Samhliða verður rekin ferðaþjónusta með gistingu fyrir allt að 20 gesti. Einnig vilja eigendur búa á jörðinni og vera með húsnæði fyrir starfsfólk. Stærð skipulagssvæðis er 8 ha. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. og 2. Innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 25. júní 2026 með athugasemdarfresti til og með 17. júlí 2026.

Mál 3. - 5. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 25. júní 2026 með athugasemdarfresti til og með 7. ágúst 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar Skipulagsgáttin undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf



okuland.is

ÖKULAND



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska - Gæði - Áreiðanleiki



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS



STÍFLULOSANIR

LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKODANIR

SÓNUM ÚT LAGNIR

LAGNAFÓÐRUN

ROTÞRÆR

FITUGILDRUR

SANDGILDRUR

SKÓLPHREINSISTÖÐVAR

HOLRÆSAHREINSUN

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKING
Á FRÁVEITUMÁLUM



510 1180 - 669 8441



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

SAGTÆKNI EHF

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT

sími 567 4262

sagtaekni@sagtaekni.is · www.sagtaekni.is



GÆÐI
PEKING
ÞJÓNUSTA

LÖGGILTUR

HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575

800SMIDI@GMAIL.COM



S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.



Stíflubjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is